



454. Stjórnarfundur haldinn 24. september 2015 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Kári Gunnlaugsson (KG), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS),
Guðjón Axelsson (GA).

Fjarverandi: Þórður Magni Kjartansson (PMK), Birgir Ingibergsson (BI), Sveinn Adolfsson (SA)
og Birgir Már Bragason (BMB).

1. Fundagerð síðasta fundar.

Farið yfir og samþykkt.

2. Innkomin bréf.

Bók frá Íðunni fræðsluseturs v/símenntunar Haust annar 2015. *Móttakið.*

Bréf frá UMFÍ / formanni kjörnefndar v/framboðs til formanns og stjórnar UMFÍ. *Móttakið.*

Tölvupóstur frá UMFÍ / Rannís v/ umsókna í Íþróttasjóð ríkisins. *Móttakið og sent á stjórnarmenn deilda.*

Tölvupóstur frá Maríu G. Pálsdóttur náms og starfsráðgjafa Heiðarskóla v/forvarnadagsins
2. október 2015. Ekki er óskað eftir liðsins frá félaginu í forvarnardegnum. *Móttakið.*

Tölvupóstur frá formanni knattspyrnudeildar Keflavíkur v/boðs á lokahóf deildarinnar. *Móttakið.*

Tölvupóstur frá ÍSÍ v/Haustfjarnáms 2015 þjálfaramenntun 1. og 2. stig ÍSÍ. *Móttakið og sent á stjórnarmenn deilda.*

Tölvupóstur frá nefndasviði Alþingis v/umsagnar um breytingu á lögum um virðisaukaskatt.
Móttakið og stjórnarmenn fara yfir og senda á framkvæmdastjóra.

Bréf frá Lögheimtunni v/mfl.kvenna knattspyrnu. EH sagði frá því að búið væri að koma málinu í
réttan farveg.

3. Send bréf.

Bréf sent í tölvupósti á stjórnir deild v/skila á greinum í jólablað 2015. Skilafrestur er 13. nóvember.

4. Keflavíkurdagurinn.

Umræður um daginn. Kalla þarf nefndina saman og fara yfir málið. Á að halda áfram með
Keflavíkurdaginn?. Dagurinn tókst ekki sem skildi. Þátttakan var mjög léleg.

5. 49. Sambandsþing UMFÍ Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015.

49. Sambandsþing UMFÍ verður haldið í Vík í Mýrdal 17. – 18. október 2015. Sex stjórnarmenn eru
búnir að gefa kost á sér. Farið verður yfir tillögur þingsins þegar þær hafa borist.

6. Jólablað Keflavíkur.

Ragnar Örn Pétursson hefur þekkt boð um að vera í opnuviðtali. *Ákveðið að fá Halldór Leví Björnsson
til að taka viðtalið. Framkvæmdastjóra falið málið.*

7. Önnur mál.

Ákveðið að kaupa stuðningsmannakort körfunnar. Framkvæmdastjóra falið málið.

EH sagði frá því að Magnea Guðmundsdóttir frá Bláa Lóninu hafði haft samband og óskað eftir
fundi með sér vegna samninga Bláa Lónsins við íþróttahreyfinguna.

*Ákveðið að bjóða upp á námskeið „Verndum þau“ þriðjudaginn 20. október kl. 18:00 – 21:00 í
félagsheimili okkar. Framkvæmdastjóra falið málið.*

Húsnefnd. Frestað til næsta fundar þar sem formaður húsnefndar var ekki mættur á fundinn.

Framkvæmdastjóra falið að athuga með jólahlaðborð.

Stjórnarmenn sendi framkvæmdastóra hvort þeir þekkjast boð knattspyrnudeildar á lokahófið.

Umræður um fartölvukaup.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00

Næsti stjórnarfundur 8. október kl.18:00

Fundinn ritaði BS.

